

Fagráð í hrossarækt

80. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, fimmtudagurinn 4. október 2017 kl. 11:00.

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Hulda Gústafsdóttir, Sveinn Ragnarsson, Guðný Helga Björnsdóttir, Siguroddur Pétursson, Erlendur Árnason, Ingunn Reynisdóttir og Þorvaldur Kristjánsson.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Ræktunarbú ársins – umræða um reglur og tilnefningar
3. Þátttökumiðmið kynbótahrossa á LM 2018
4. Heiðursverðlaun fyrir afkvæmi – hryssur 2017
5. Breytingar á reglum kynbótasýninga
6. Ráðstefna fagráðs – Hrossaræktin 2017
7. Önnur mál.

1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.
2. Tilnefningar til ræktunarbús ársins 2017. Lagt var fram yfirlit yfir árangur hjá 62 ræktunarbúum eða aðilum á árinu sem allir stóðust lágmarksskilyrði til skoðunar varðandi ræktunarbú eða ræktunarmann/menn ársins. Ákveðið var að tilnefna að þessu sinni ellefu bú/aðila. Í stafrófsröð eru þau:

Berg, Anna Dóra Markúsardóttir og Jón Bjarni Þorvarðarson
Daníel Jónsson og Hilmar Sæmundsson, Efsta-Seli
Garðshorn á Þelamörk, Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir Thorlacius
Hemla II, Lovísa H. Ragnarsdóttir og Vignir Siggeirsson
Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishólar, Bergur Jónsson og Olil Amble
Prestsþær, Inga Jenssen og Ingar Jenssen
Rauðalækur, Eva Dyröy og Guðmundur Friðrik Björgvinsson
Skipaskagi, Jón Árnason og Sigurveig Stefánsdóttir
Torfunes, Baldvin Kr. Baldvinsson
Þúfur, Gísli Gíslason og Mette Mannseth
Varmalækur, Björn Sveinsson og Magnea K. Guðmundsdóttir

Sigurvegarrinn árið 2017 voru ræktunarmennirnir Daníel Jónsson og Hilmar Sæmundsson, Efsta-Seli.

Hvað varðar reglur um val á ræktunarbúi eða ræktunarmanni ársins eru fyrst tilgreind öll hrossaræktarbú eða aðilar sem sýnt hafa fjögur eða fleiri hross í fullnaðardómi á árinu. Að auki verða minnst tvö að hafa náð aðaleinkunn 8,0 eða hærra. Aðaleinkunnir hrossanna eru þá leiðréttar fyrir aldri og kyni líkt og gert er við útreikning á kynbótamatinu. Þá er búum/aðilum raðað upp eftir fjölda sýndra hrossa og leiðréttum aðaleinkunnum. Afkvæmahross (fyrstu verðlaun fyrir stóðhesta og heiðursverðlaun

fyrir hryssur og stóðhesta) sem hljóta viðurkenningu á árinu telja einnig til stiga. Í ár var þeirri aðferð breytt þannig að heiðursverðlaunahryssa bætir einu hrossi við fjölda sýndra hrossa og hækkar meðaleinkunn búsinns um 0.05 stig (ef um fleiri hryssur er að ræða á árinu sem hljóta heiðursverðlaun hefur það áhrif á fjölda sýndra hrossa en ekki áfram á meðaleinkunn búsinns), stóðhestur sem hlýtur fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi bætir tveimur hrossum við fjölda sýndra hrossa og hækkar meðaleinkunn búsinns um 0.05 stig og stóðhestur sem hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi bætir fjórum hrossum við fjölda sýndra hrossa og hækkar meðaleinkunn búsinns um 0.05 stig. Rætt var um áframhaldandi þróun reglnanna fyrir næsta ár en þurfa þykir að setja eitthvert lágmark um skráningu ræktanda á þann veg að aðili þurfi að vera t.d. að lágmarki 50% ræktandi að hestinum þannig að hann telji hjá viðkomandi við útreikninginn.

- Farið var yfir þátttöku kynbótahrossa á landsmóti 2018. Það var niðurstaðan að halda áfram með það fyrirkomulag að ákveðin fjöldi efstu hrossa í hverjum flokki vinni sér þátttökurétt á mótinu en styðjast ekki við einkunnalágmörk eins og var gert á mótunum fyrir LM 2016. Farið var yfir þann fjölda sem var á síðasta móti og þær einkunnir sem þurfti til að komast inn á mótið – Sjá töflu hér að neðan. Ákveðið var að halda sig nokkurn veginn við þann fjölda sem miðað var við fyrir síðasta Landsmót sem var 165 hross í heildina en ræða fjöldaskiptinguna á milli flokka á næsta aðalfundi Félags hrossabænda og taka svo endanlega ákvörðun um þetta á næsta fundi fagráðs í desember. Rætt var að miðað við einkunnir lægstu hrossa inn í hvern flokk, þá væri hugsandi að fjölga um fimm hesta í elsta flokki stóðhesta og jafnvel að fækka um fimm hryssur í fimm vetra flokki.

4 vetra			
Fjöldi: 15	Stóðhestar:	Fjöldi: 20	Hryssur:
Lágmark:	8,2		8,13
Næstu fimm fyrir neðan:	8,18 - 8,19		8,11 - 8,12
Næstu tíu fyrir neðan:	8,13 - 8,19		8,09 - 8,12
5 vetra			
Fjöldi: 20	Stóðhestar:	Fjöldi: 35	Hryssur:
Lágmark:	8,31		8,15
Næstu fimm fyrir neðan:	8,29 - 8,30		8,12 - 8,13
Næstu tíu fyrir neðan:	8,16 - 8,30		8,10 - 8,13
6 vetra			
Fjöldi: 20	Stóðhestar:	Fjöldi: 30	Hryssur:
Lágmark:	8,41		8,33
Næstu fimm fyrir neðan:	8,39 - 8,40		8,31 - 8,32
Næstu tíu fyrir neðan:	8,35 - 8,40		8,29 - 8,32
7 vetra og eldri			
Fjöldi: 10	Stóðhestar:	Fjöldi: 15	Hryssur:
Lágmark:	8,65		8,4
Næstu fimm fyrir neðan:	8,52 - 8,62		8,37 - 8,39
Næstu tíu fyrir neðan:	8,48 - 8,62		8,36 - 8,39

4. Heiðursverðlaun fyrir afkvæmi – Hryssur 2017. Hið alþjóðlega kynbótamat fyrir íslensk hross var reiknað og uppfært nú í lok september. Hvað afkvæmahryssurnar varðar kom í ljós að fimm hryssur hljóta heiðursverðlaun fyrir afkvæmi í ár en lágmörk til þeirra verðlauna eru að að minnsta kosti fimm dæmd afkvæmi og 116 stig í kynbótamati aðaleinkunnar. Þessar hryssur eru (fjöldi dæmdra afkvæma í töflu á við fjölda afkvæma sem hlotið hafa fullnaðardóm):

<i>Hryssa:</i>	<i>Stig:</i>	<i>Dæmd afkvæmi:</i>
Hvíta-Sunna frá Sauðárkróki	118	6
Dóra frá Hlemmiskeiði 3	117	5
Gunnvör frá Miðsitju	117	6
Kolbrá frá Varmalæk	117	8
Andvör frá Breiðumörk 2	116	5

Efsta hryssan í ár er Hvíta-Sunna frá Sauðárkróki og hlýtur hún því Glettubikarinn.

5. Hugsanlegar breytingar á reglum kynbótasýninga voru ræddar en taka á tillögur um reglubreytingar til umræðu á fundi kynbótanefndar FEIF 20. – 21. október.
- Úr hryssum og geldingum sem koma til dóms á Íslandi þarf að vera búið að taka DNA-sýni til staðfestingar á ætterni og staðfesting þess efnis þarf að liggja fyrir í WorldFeng. Þetta er ekki samræmd regla í öllum FEIF-löndunum en ætlunin er að gera það í vetur, svo tryggt sé að öll hross sum mæta til kynbótadóms séu rétt skráð ætterni í WorldFeng.
 - Tillaga liggur fyrir nefndarfundinum að einungis megi sýna fjögurra vetra tvisvar á ári. Nokkur umræða hefur verið um sýningar á fjögurra vetra hrossum í gegnum tíðina. Fagråd er sammála því að þetta þurfi að ræða áfram þó ekki sé grundvöllur að svo stöddu til að takmarka fjölda sýninga á fjögurra vetra hrossum sérstaklega þar sem rannsóknir hafa sýnt að sýningin sem slík sé ekki meira líkamlegt álag á fjögurra vetra hross samanborið við eldri hross. Það er eitt af markmiðum vinnu við endurskoðun dómskalans að kanna með hvaða hætti er hægt að meta hross með tilliti til aldurs og minnka jafnvel kröfur dómskalans til fjögurra vetra hrossa.
 - Í reglum kynbótasýninga er talað um að brautir til sýninga eigi að vera 250 metrar á lengd og 4-6 metrar að breidd. Það hefur komið upp umræða um að þar með sé ekki leyfilegt að brautirnar víkki út til endanna eða það séu hringir við enda brautar til viðsnúninga. Fagråd er á því að bæta því við lýsingar á brautum þannig að svæði til viðsnúninga verði einnig þar með samræmdari.
 - Lagt er til að öll hross sem mæta til kynbótadóms séu mæld á öllum mælipunktum (það er að hryssur og geldingar séu mæld á sömu punktum og stóðhestar). Þetta bætir við þremur mælipunktum á hryssum/geldingum; breidd um mjaðmarhorn og lærleggstoppa og breidd leggjar að framan. Þetta er til bóta.
 - Lagt er til að einkunn fyrir vilja og geðslag verði opin til bæði hækkunar og lækkunar á yfirlitssýningu. Þetta er gert til þess að hægt sé að bregðast við því ef hross sýna geðslagsbresti á yfirliti sem ekki sáust í dómi. Þetta er til bóta og hugsað eingöngu til þess að hægt sé að bregðast við áberarandi geðslagsbrestum á yfirliti, s.s. mikilli óþjálni, ofríki og spennu. Þetta verður vonandi til þess að einkunn fyrir vilja og geðslag verði meira lýsandi fyrir hvern og einn hest en nánari útlistun á þessari breytingu verður að skrifa fyrir næstu dómavertíð til

þess að dómnefndir meti breytingar á þessari einkunn á yfirlitssýningum á samræmdan hátt.

- f. Í dómskala stendur að 8.00 sé hámarkseinkunn fyrir tölt ef ekki er sýnt hægt og einnig að 8.00 sé hámarkseinkunn fyrir tölt ef eingöngu er sýnt hægt tölt. Þá þarf einkunn fyrir hægt tölt að vera að lágmarki 7.0 eigi einkunnin 8.0 fyrir tölt að nást. Þetta hefur þótt ruglandi og gerir það að verkum að í sumum tilvikum er betra að sýna ekkert hægt tölt í stað þess að sýna afar lélegt hægt tölt. Fagáð er sammála að reglan eigi að líta svona út:

7,5 er hámarkseinkunn fyrir tölt ef:

Hægt tölt er ekki sýnt.

Eingöngu hægt tölt er sýnt.

Til að hljóta einkunnina 8.0 fyrir tölt þarf einkunn fyrir hægt tölt að vera að lágmarki 7.0.

- g. Hægt og greitt, tölt og stökk á yfirlitssýningum. Reglan hvað sýningar á tölti og stökki á yfirlitssýningum hljóðar svona:

- Ef ná á einkunn hærra en 8,0 fyrir tölt eða hærri einkunn en 8,5 fyrir stökk, verður að sýna bæði hæga og greiða ferð á gangtegundunum á yfirlitssýningum.

Fagráð er sammála að gera eigi sömu kröfu til sýninga á tölti og stökki á yfirlitssýningum og herða þar með kröfur á sýninga á hægu stökki og stökki:

Ef ná á einkunn hærra en 8,0 fyrir tölt og hærri einkunn en 8,0 fyrir stökk, verður að sýna bæði hæga og greiða ferð á gangtegundunum á yfirlitssýningum.

6. Önnur mál.

Undir þessum lið voru tvö mál rædd. Þorvaldur fór yfir stöðuna á verkefninu Þróun dómskalans og fór yfir það sem gert var í sumar. Útgáfa af línulegu mati á gangtegundum var notuð til hliðar við hinn eiginlega dóm. Alls voru dæmd um 630 hross eftir þessu mati á níu sýningum. Þótti þetta ganga vel og gefa góða mynd af hverju hrossi en þættir eins og taktur, skreflengd, skrokkmýkt, rými, fótaborður, léttleiki, svif, fjaðurmagn, yfirlína og burður voru metnir á línulegum skala frá einn til fimm. Markmiðið með þessari vinnu er að þróa dómana þar sem til dæmis er horft er enn meir til rétrar líkamsbeitingar á hverri gangtegund á eiginleikarnir yfirlína og burður er hugsaðir sem lýsing á líkamsbeitingu hestsins. Þá er einnig markmiðið að þróa dómablaðið til framtíðar með það fyrir augum að veita enn meiri upplýsingar um hvern hest. Einnig er þetta mjög gott stöðumat á dómana eins og þeir fara fram í dag og hvaða þættir það eru sem hafa marktæk áhrif á einkunnagjöfina og hvaða þættir það eru sem hafa mest áhrif. Mun þessi vinna hjálpa til við þróun dómskalans.

Þá var einnig rætt sú breyting sem er í farvatninu á reglugerðinni um uppruna íslenska hestsins þar sem fjallað er um menntun kynbótadómara á Íslandi. Þar er talað um að kynbótadómarar á Íslandi skulu hafa lokið háskólagráðu í búfjárfræðum og þurfa að hafa staðist sérstakt hæfnispróf Bændasamtaka Íslands. Þessu er ætlunin að breyta til samræmis við reglur FEIF (breytt árið 2017) þar sem kveður á um að kynbótadómarar skulu hafa lokið Bsc.-gráðu í búvísindum, hestafræðum eða dýralækningum en einnig að kynbótadómarar í Íslandi þurfi að hafa staðist sérstakt hæfnispróf Bændasamtaka Íslands. Þar sem menntunarkröfur til nýrra kynbótadómara eru orðnar samræmdar í FEIF - löndunum er einnig ætlunin að geta gert undanþágu frá reglunni um menntun

til að geta gert alþjóðlegum kynbótadómurum FEIF fært að dæma á Íslandi þótt þeir hafi ekki tilskylda menntun. Þetta er gert til að bæta samræmi í dómum á milli landa.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 16:00

Við þennann: Þorvaldur Kristjánsson